

Fréttabréf júní 2020

Norðlenska, Grímseyjargötu, Pósthólf 50, 602 Akureyri
sími 460-8800 | upplysingar@nordlenska.is

Rekstur Norðlenska matborðsins ehf. árið 2019

Rekstarumhverfi afurðastöðva hefur verið nokkuð bágborið undanfarin ár og hefur Norðlenska ekki farið varhluta af því. Ytri aðstæður hafa verið greininni erfiðar en framleiðslukostnaður hefur hækkað jafnt og þétt undanfarin ár og ræður þar miklu að launakostnaður og kostnaður við flutninga hefur hækkað verulega umfram almennt verðlag. Til að bregðast við þessu, og því að afkoma félagsins hefur verið óásættanleg, hefur verið ráðist í margvíslegar hagræðingaraðgerðir innan fyrirtækisins. Stærsta einstaka hagræðingaraðgerðin var lokun starfstöðvarinnar á Höfn í Hornafirði sem lokað var um mitt sumar 2019. Sláturhúsið á Höfn er í sameign Norðlenska (30%) og Sláturfélagsins Búa (70%) og er nú unnið að því með Búa að selja fasteignina eða koma henni í önnur not.

Framlegð fyrirtækisins, afkoma fyrir afskriftir og skatta (EBITDA), var árið 2019 jákvæð um 175mkr samanborið við 139mkr árið 2018. Eins og kunnugt er þá leigir félagið starfstöð sína á Akureyri. Ef leiðrétt er fyrir húsnæðisliðnum var framlegð fyrirtækisins árið 2019 um 278mkr eða 5,3% af veltu.

Rekstrarkostnaður fyrirtækisins, annar er kjötkaup, lækkaði um 96mkr milli ára þrátt fyrir launa- og aðrar kostnaðarhækkanir og lækkaði þar með um rúm 2% af veltu miðað við 2018. Afkoma félagsins að teknu tilliti til afskrifta, fjármagnsgjalda og skatta var hinsvegar neikvæð um 35mkr á árinu samanborið við neikvæðar 66mkr árið 2018.

Það má því segja að undirliggjandi rekstur félagsins sé þokkalegur og batnandi en félagið er talsvert skuldsett og starfsemin á Akureyri í óhagstæðu húsnæði, bæði hvað varðar gæði húsnæðis og leiguverð, sem dregur afkomu þess niður. Það er forgangsverkefni stjórnenda og stjórnar að finna á þessum málum farsæla lausn samhliða því að hlúa áfram að kjarnarekstri félagsins.

Aðalfundur Norðlenska

Aðalfundur Norðlenska var haldinn þriðjudaginn 7. apríl í gegnum fjarfundabúnað. Samþykkt var á aðalfundi heimild til stjórnar að auka hlutfé í Norðlenska um allt að 200.000.000 kr og mun stjórn væntanlega freista þess að auka hlutfé í félaginu á þessu starfsári. Á aðalfundinum var kosin ný stjórn Norðlenska. Úr stjórninni fóru Óskar Gunnarsson og Erla Björg Guðmundsdóttir. Í þeirra stað komu ný í stjórn Guðrún Tinna Ólafsdóttir og Ingvi Stefánsson. Aðrir í stjórn eru Sigurgeir Hreinsson, Rúnar Sigurpálsson og Gróa Jóhannsdóttir. Á fyrsta fundi stjórnar var Rúnar kjörinn formaður, Sigurgeir varaformaður og Gróa ritari.

Sameiningarmál við Kjarnafæði

Sameiningarviðræður stóðu milli Norðlenska og Kjarnafæðis frá miðju ári 2018 fram á vormánuði 2019. Mikil vinna var unnin í tengslum við þessar viðræður en fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka var ráðgefandi í ferlinu. Viðræðurnar runnu því miður út í sandinn vorið 2019 þegar ljóst var að ekki náðist saman á þeim forsendum sem lagt var upp með. Niðurstaða greininga sem unnar voru samhliða viðræðunum gefa til kynna að veruleg hagræðing felist í samruna þessara félaga og ljóst að það gildir einnig um aðrar mögulegar sameiningar í greininni. Æskilegt verður að teljast að stjórn og hluthafar haldi áfram að vera opin fyrir þessum sem og öðrum sameiningarmöguleikum og taki þannig þátt í þeirri hagræðingu sem nauðsynleg er í greininni.

Umsvif, horfur á markaði og þróun

COVID-19

Samkomubann og lokun hótela og veitingastaða í kjölfar COVID 19 faraldursins hefur haft mjög neikvæð áhrif á veltu inn á þá aðila. Sala inn á smásöluverslanir jókst á tímabilinu en aukningin þar vegur ekki upp fallið í hótél og veitingageiranum.

Norðlenska brást við sóttvörnum og tekjutapi af völdum Covid með þeim hætti sem yfirvöld mæltu fyrir. Sett var upp vaktakerfi í vinnslum félagsins, starfsmönnum skipt í hópa í vinnuhléum og aukin áhersla á persónuþrif voru meðal þeirra aðgerða sem farið var í til draga úr líkum á því að mögulegt smit bærist milli starfsmanna. Þessar aðgerðir gengu vel og lagðist starfsmannahópurinn á eitt um að svo mætti vera. Við vorum svo heppin að ekkert smit kom upp í starfsmannahópi Norðlenska en einhverjir starfsmenn þurftu þó að fara í sóttkví vegna samvista við smitaða einstaklinga eins og gengur. Þrátt fyrir tekjutapið, sem að framan greinir, hefur ekki þurft að ráðast í uppsagnir í framleiðsludeildum félagsins vegna Covid. Norðlenska nýtti hlutastarfaleiðina í apríl og maí og var þannig farið að fyrir mælum stjórnvalda um að standa vörð um ráðningarsamband við starfsmenn með hlutastarfaleið í þeirri von að um tímabundið ástand sé að ræða.

Nautakjöt

Heildar nautgripaslátrun Norðlenska á árinu 2019 var rúmlega 4.500 gripir sem er svipaður fjöldi og árið 2018 en meðalþungi innlagðra gripa hækkaði milli ára þannig að innlagt magn af kjöti jókst. Einnig keypti Norðlenska til sín heila gripi frá öðrum sláturleyfishöfum hluta ársins. Magn hráefnis til vinnslu afurða úr nautakjöti jókst þannig um tæp 9% milli ára.

Blikur hafa verið á lofti hvað varðar nautakjöt um allnokkurt skeið og hefur þar margt áhrif en ekki síst síauknir innflutningskvótar í kjölfar tollasamnings við ESB um landbúnaðarvörur og svo sú stóra breyting sem varð um áramótin þegar heimild var veitt til innflutnings á ófrystu kjöti. Framboð af erlendu nautakjöti hefur verið umtalsvert og það á verði sem örðugt er fyrir innlenda framleiðslu að keppa við. Þeir erlendu framleiðendur sem við er að keppa eru margfalt stærri en allur íslenskur kjötiðnaður samanlagt, hver um sig. Sú stærðarhagkvæmni sem slíkir aðilar geta náð er langt umfram það sem mögulegt er að ná hér á landi - vissulega eru möguleikar til frekari hagræðingar í greininni en slíkt kallar á heimild til aukinnar samvinnu og verkaskiptingar sláturleyfishafa af hálfu löggjafans.

Þrátt fyrir þessa ógn þá gengur sala á á nautakjöti almennt vel og ljóst að eftirspurn eftir vörinni er umtalsverð og umfram það magn sem framleitt er innanlands. Það eru því sóknarfæri og mikilvægt að íslenskum bændum og afurðastöðvum þeirra sé gert kleift að keppa á eins jöfnum grunni og kostur er, m.a. með því að leyfa aðilum að stækka og hagræða.

Eins og kynnt hefur verið fyrir innleggjendum á nautakjöti eru nýjar reglur varðandi hreinleika sláturgripa að taka gildi þar sem gripir eru flokkaðir í þrjá flokka. Mikilvægt er að bændur kynni sér þessar reglur og tilmæli svo draga megir úr líkum á því að eftirlitsdýralæknar láti farga gripum vegna óhreininda eða sláturleyfishafi neyðist til að verðfella grip vegna óhreininda. Þetta á að vera vel gerlegt með bættu verklagi þar sem þörf er á. Á sama tíma er Norðlenska, og aðrir sláturleyfishafar, að setja upp aðstöðu til að raka óhreinindi af gripum þegar þau eru ekki meiri en svo að það sé gerlegt.

Svínakjöt

Norðlenska breytti fyrirkomulagi við innkaup á svínakjöti á árinu þannig að dregið var aðeins úr slátrun en aukin innkaup á innlendum skrokkhlutum eins og framleiðslunni hentar á hverjum tíma. Svínakjöt er mikilvægt hráefni inn í vinnslur Norðlenska og undirstaðan í stórum vörflokkum eins og áleggsvörum. Mikil samkeppni er í svínakjötsafurðum á markaði þar sem fáir stórir og stækkandi aðilar eru ráðandi á markaði. Ljóst er að með aukinni samþjöppun í svínarækt og úrvinnslu þyngist róðurinn frekar fyrir minni aðila og því er afar áhugavert fyrir Norðlenska að taka með einhverjum hætti þátt í og styðja við aukna svínarækt á starfssvæði félagsins.

NORÐLENSKA

Fréttabréf júní 2020

Lambkjöt

Sláturtíðin haustið 2019 gekk vel hjá Norðlenska og hefur aldrei verið slátrað fleira fé í sláturhúsi félagsins á Húsavík, samtals um 100.500. Eins og greint er frá að framan var sláturhúsinu á Höfn lokað sumarið 2019 og því engin slátrun þar þetta haustið. Stærstur hluti þeirra innleggjenda sem áður lagði inn á Höfn færði sig til Húsavíkur en einhverjir fóru annað, sérstaklega þeir sem lengst eiga að sækja til Húsavíkur.

Eins og bændur vita hefur dregið nokkuð hraustlega úr sauðfjarrækt á síðustu árum og féll framleitt magn á landinu um rúm 7% milli ára 2018 og 2019. Norðlenska hefur sem fyrr einbeitt sér að mestu að innanlandsmarkaði fyrir lambkjöt auk útflutnings á Færeyjar og ljóst að þegar framleiðsla dregst jafn mikið saman og raun ber vitni þá minnkar þörf á útflutningi. Raunar er svo komið nú að æskilegt væri að framleiðsla minnki ekki mikið umfram það sem nú er svo tryggja megi hráefni fyrir innanlandsmarkað og þá erlendu markaði sem skást verðið greiða.

Uppbót á sauðfjarrinnlegg

Stjórn Norðlenska ákvað á fundi sínum 29. maí síðastliðinn að greiða uppbót á verð innlagðra dilka haustsins 2019. Uppbótin er 3,4% og kemur til greiðslu í júlí.

Sláturtíð 2020

Sláturtíð verður með svipuðu sniði haustið 2020 og verið hefur undanfarin ár. Slátrun hefst þó nokkrum dögum síðar þetta haustið og gerum við ráð fyrir að slátrun hefjist 1. september. Við ráðgerum einnig að leita í auknum mæli að innlendum starfmönnum í sláturhúsið en slíkt hefur verið nær ómögulegt undanfarin ár.

Sala á lambkjöti hefur gengið ágætlega frá síðustu sláturtíð en sem fyrr hefur Norðlenska selt meira lambkjöt en fellur til við slátrun hjá félaginu og brúað bilið með því að kaupa kjöt af öðrum sláturleyfishöfum. Kjötkaup hafa verið þyngri þetta árið en mörg hin fyrri sem hefur valdið okkur nokkrum vandræðum en áhugi kaupenda á framleiðsluvörum félagsins er mikill enda vörurnar þekktar sem gæðavara á markaði.

Ákveðið hefur verið að breyta fyrirkomulagi varðandi sjálfkrafa heimtöku og lækka þyngdarmörk.

Fyrirkomulagið nú verður þannig að allt undir 10 kg í DO1 og DP1 fer heim.

Gert er ráð fyrir því að byrja að hringja út sláturfjárloforð seinni hluta júní mánaðar. Bændur geta einnig, hafi þeir tók á, sent inn sláturfjárloforð með því að fara inn á heimasíðu Norðlenska, hringja í 460-8885 / 460-8888 eða senda póst á simmih@nordlenska.is eða adalheidur@nordlenska.is.

Búið er að ákveða álag í komandi sláturtíð, sjá töflu að neðan:

vika	36	37	38	39	40	41	42	43	44
álag 2020	16%	10%	4%	2%	0%	0%	0%	0%	0%

Með ósk um gott sumar,

Ágúst Torfi Hauksson
Framkv.stj. Norðlenska